

Efni: Fyrirspurn um mögulega lóð v. fjarskiptahúss

Með vísan til þess að enn er í meðförum deiluskipulag fyrir Tjarnarreit á Þingeyri óskar undirritaður eftir viðbrögðum Ísafjarðarbæjar við hugsanlega byggingu fjarskiptahúss á Þingeyri.

Meðfylgjandi mynd sýnir eina af tillögum Verkís að lóðamörkum næst símstöðinni (Aðalstræti 12) á Þingeyri.

Snerpa hefur mögulega áhuga á að reisa fjarskiptabyggingu neðan símstöðvarinnar. Kemur það til af því að skapast hefur óvissa um framtíðarstaðsetningu fjarskiptamannvirkja á Þingeyri þar sem eigandi hússins að Aðalstræti 12 hefur sagt upp leigusamningi Mílu í húsnæðinu. Míla hefur brugðist við þessu með því að höfða eignarnámsmál en óvíst er um niðurstöðu þess þar sem aðrir valkostir eru fyrir hendi, m.a. er auð lóð neðan

við Aðalstræti 12 þar sem áður stóð hálfkláruð sundlaugarbygging sem síðar var rifin. Ljóst er að þetta mál mun taka nokkurn tíma í meðförum en óhád því vill Snerpa tryggja við væntanlega ljósleiðaravæðingu þorpsins og tengingar við næstu byggðarlög að ekki þurfi að fara í umfangsmiklar breytingar á hönnun ljósleiðarakerfis og lagnaleiða eftir á ef valkostur er um hagkvæma lausn núna.

Í markmiðum aðalskipulags Ísafjarðarbæjar kemur m.a. eftirfarandi fram sem snýr að þessu:

- Allir íbúar sveitarfélagsins hafi öruggan aðgang að fjarskiptum.
- Öll heimili í sveitarfélaginu geti tengst háhraðaneti og notið þeirra möguleika sem boðið er upp á með slíkri tengingu.
- Menntastofnanir verði tengdar öflugum háhraðaneti.
- Fyrirtæki í öllu sveitarfélaginu geti treyst á örugga gagnaflutninga um háhraða nettengingu.

Lögð skal áhersla á það að öll heimili og fyrirtæki í sveitarfélaginu verði tengd háhraðaneti sem fyrst. Til að tryggja örugga gagnaflutninga er mikilvægt að ljósleiðarinn verði hringtengdur um Vestfirði og að bandvídd verði í samræmi við þróunarmöguleika svæðisins. Við þegar veituframkvæmdir eru fyrirhugaðar er mikilvægt að skoðaðir verði möguleikar á því að leggja ljósleiðara samhliða þeim. Mikilvægt er að allar lagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er. Þá er mikilvægt að í öllum tilvikum verði gengið þannig frá að sem minnst ummerki verði á yfirborði landsins. Allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forma. Við



uppsetningu fjarskiptamastra skal hugað að sýnileika og afturkræfni framkvæmda og þess gætt að valda sem minnstum skaða á náttúrunni.


Sjá má á veituteikningum á vefsíðu Ísafjarðarbæjar að nokkuð er um bæði raflagnir og fjarskiptalagnir á svæðinu. Fyrirspurnin snýr að því hvort væri mögulegt að laga þau lóðamörk sem enn eru óákveðin að þörfum Orkubús Vestfjarða og Snerpu þannig að hægt verði að úthluta lóð fyrir 12-20 fermetra fjarskiptahús án þess að þurfi að taka undir það óþarflega stóra lóð og að þannig verði áfram hægt að úthluta einni lóð til viðbótar. Á því er einnig vakin athygli að áætluð lóð fyrir spennistöð Orkubúsins skv. tillögu Verkís er óþarflega stór mv. starfsemina og telur Snerpa að hægt væri að skipuleggja þennan hluta reitsins eins og sýnt er á meðfylgjandi tillögu hér að neðan.

Tillagan gengur út á að lóðir við Aðalstræti 12 og 14 væru ekki „áfastar“ við næstu lóðir, heldur yrði skilgreind um 3m breið innviðasvæði (Gul svæði á mynd) vegna rafmagns og fjarskiptalagna. Nú þegar er talsvert af lögnum á þessum svæðum og því þau ónothæf sem byggingarreitir. Hægt væri að nýta svæðið sem kemur næst Tjörn sem göngustíg. Lagt er til að verði stofnaðar þrjár lóðir (rauð skrástrikun svæði) þar af verði sú stærsta laus til úthlutunar en hinar tvær ætlaðar fyrir innviði sem eru spennistöð og fjarskiptahús.


Ekki er fyrirséð hvort reist yrði fjarskiptamastur við húsið eða áfast því en gera þarf ráð fyrir því í deiliskipulagi að svo gæti orðið þó að á þessari stundu sé það ólíklegt.

Líklegast er að varaafli yrði tryggt með rafgeymasettum en gera yrði ráð fyrir að möguleiki sé að tengja færanlega vararafstöð við húsið.

Tekið skal fram að þessi hugmynd hefur einungis verið lauslega kynnt Orkubúi Vestfjarða og þarf því að leita formlegs álits þaðan um málið.



bls. 2



f.h. Snerpu ehf.



Björn Davíðsson, framkvæmdastjóri